

21. mars 2019.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Bóka- og bíóhátíð barnanna í Hafnarfirði (OS 1508478)

Eftirfarandi minnisblað er útbúið til að kynna fræðsluráði Hafnarfjarðar Bóka- og bíóhátíð Hafnarfjarðar. Hátíðin var sett á að tilstuðlan fræðsluráðs Hafnarfjarðar á 329. fundi ráðsins þann 26. ágúst 2015 eins og segir í fundargerð.

6. 1508478 - Bóka- og bíóhátíð barnanna í Hafnarfirði

Lagt er til að haldin verði menningarhátíð fyrir börn með áherslu á bækur og kvikmyndir í febrúar 2016.

Tilgangur hátíðarinnar er að efla áhuga barna á lestri og læsi í víðum skilningi og styðja við læsisverkefnið sem fram fer í leik- og grunnskólum bæjarins.

Fræðslustjóra falinn undirbúningur hátíðarinnar og fái Bókasafn Hafnarfjarðar, Bæjarbíó og fleiri til samstarfs og undirbúnings.

Tilgangur hátíðarinnar var í upphafi miðaður við það að styðja við læsisverkefni bæjarins, *Lestur er lífsins leikur*, sem þá hafði tekið formlega í notkun eða í gagnið.

Skrifstofa fræðslu- og frístundapjónustunnar fékk það verkefni að skipuleggja hátíðina – þótt tillagan hafi snúist um að vera í samstarfi við aðrar stofnanir bæjarins eins og nefnt var í sjálfri tillögunni. Þannig hefur skrifstofan haldið utan um verkefnið og borið ábyrgð á henni, m.a. að leggja til fjármagn í einstök verkefni. Hátíðin var skipulögð með nokkur miðlæg verkefni þvert á bæinn en síðan voru einstaka skólar hvattir til að vera með sérstök verkefni hjá sér í þá viku sem hátíðin var ráðgerð.

Hátíðin hefur verið haldin í þrjú skipti. Fyrsta árið var hún í febrúar (2016) og í febrúar árin 2017 og 2018. Ósk kom um að færa tímasetningu hátíðarinnar, aðallega vegna þess að hátíðin var á svipuðum tíma og unnið var að öðrum verkefnum hjá bænum, t.d. árshátíð bæjarstarfsmanna, vetrarhátíð, barnamenningarhátíð. Því kom tillaga um að halda hátíðina árið 2019 í október sem er stefnt að núna.

Skrifstofan ákvað sömuleiðis að útbúa sérstakt merki fyrir hátíðina fyrir hana. Merkið var komið fyrir fyrstu hátíðina. Það er hannað af Guðna R. Björnssyni sem hefur hannað fleira fyrir skrifstofuna, s.s. merkið fyrir *Lestur er lífsins leikur* og umbrot skjalsins sem tengist læsisáherslunni. Sjá merkið hér til hliðar. Guðni braut einnig um dagskrá hátíðinnar fyrsta árið en eftir það var umbrot unnið innanhúss hjá bænum.



Innan skrifstofunnar hér tengdust þróunarfulltrúar leik- og grunnskóla hátíðinni og tengst stýrihópi sem hefur haldið utan um dagskrá hátíðarinnar hverju sinni. Kostnaður við hverja hátíð hefur fram að þessu verið á bilinu 500-800 þúsund myndi ég telja í lauslegri yfirferð. Sá kostnaður hefur fólgt í hönnun og kynningum, fyrirlesurum/gestum, rútukostnaði fyrir nemendur, leigukostnaði (Bæjarbíó), leigukostnaði af myndasýningum í Bæjarbíó og fleiru smálegu. Starfsmenn bæjarins hafa unnið að hátíðinni í gegnum sín störf og enginn sérstakur aðili hefur verið ráðinn til að halda utan um hátíðina.

Virðingarfyllt,

Vigfús Hallgrímsson

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla

DAGSKRÁ

15. – 21. febrúar 2016



Bóka- og bíóhátíð barnanna

Í leikskólum bæjarins verður þessa daga mikil áhersla á bækur, sögur, sögulestur og hlustun.

Lokahátíðir **Stóru upplestrarkeppninnar** verða haldnar í grunnskólunum þar sem foreldrum 7. bekkinga er boðið að hlusta á upplestur og framsögn nemenda í 7. bekkjum.

Í **Hafnarborg** stendur yfir sýning á verkum Ragnhildar Jóhannsdóttur. Í verkum sínum leggur Ragnhildur áherslu á tungumálið þar sem hún leitast við að skapa sjónræn ljóð í formi skúlptúra, klippimynda og teikninga. Hafnarborg er opin kl. 12-17 alla daga nema þriðjudaginn. Skólahópar á leik- og grunnskólastigi geta einnig pantað heimsókn sérstaklega og fengið leiðsögn um sýninguna.

Byggðasafn Hafnarfjarðar býður skólahópum að koma virka daga á sérstaka sýningu um sögu kvikmyndahúsanna í Hafnarfirði og aðrar fastar sýningar á safninu. Pantað hjá Byggðasafninu.

Bíósýningar í **Bæjarbíói** og **opnunarhátíð**.

Í **Bókasafni Hafnarfjarðar** verður fjölbreytt dagskrá í gangi alla daga:

Ljóð unga fólksins, Landskeppni 4.-10. bekkinga í ljóðaskrifum, Nemendur skila ljóðum á bóka-/skólabókasafnið eða rafrænt á vef bókasafnsins. Nánari upplýsingar á næsta bókasafni eða skólabókasafni!

SMS örsögukeppni. Þema keppninnar er „lestur“. 35 orða örsaga send í #6960035 í síðasta lagi 21. febrúar. Góð verðlaun í boði fyrir 1.-3. sæti.

Foreldrar barna á leik- og grunnskólaaldri fá afslátt af nýju bókasafnsskírteini. Árgjald á 1.000 kr. í stað 1.900 kr. Foreldrar eru fyrirmynd barna sinna í lestri.

Útlánaleikur. Allir sem taka barnabók/-bækur að láni þessa daga fá þátttökuseðil. Vinningar verða dregnir út og heppnir lestrarhestar fá bókaverðlaun.

Semjum sögu saman. Saga skrifuð með þátttöku þinni á umbúðapappír á barnadeild bókasafnsins.

Ekki dæma bókina eftir bíómyndinni. Bókaúttiðling á bókum og bíómyndum gerðum eftir þeim.

Eins og endranær býður safnið skólahópum leik- og grunnskólabarna að koma í sögustund eða safnkynningu. Pantað hjá bókasafninu.

FRÍTT
Frír aðgangur á alla viðburði hátíðarinnar!

MÁNUDAGUR**15. FEBRÚAR**

Bæjarbíó: Bíósýning kl. 9.30 og 10.30 fyrir 4-5 ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.

Bókasafn Hafnarfjarðar: Opið kl. 10-19 fyrir öll verkefni sem kynnt eru hér framfar.

ÞRIÐJUDAGUR**16. FEBRÚAR**

Bæjarbíó: Bíósýning kl. 9.30 og 10.30 (OPNUNARHÁTIÐ) fyrir 4-5 ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.

Bókasafn Hafnarfjarðar: Ratleikur frá kl. 14-19 (bækur og bíó) en safnið opið frá kl. 10-19 fyrir öll verkefni sem kynnt eru hér framfar.

MÍÐVIKUDAGUR**17. FEBRÚAR**

Bíósýning kl. 9.30 og 10.30 fyrir 4-5 ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.

Bókasafn Hafnarfjarðar: Bókabíngó kl. 17 en opið er frá kl. 10-19 fyrir öll verkefni sem kynnt eru hér framfar.

FIMMYUDAGUR**18. FEBRÚAR**

Bæjarbíó: Bíósýning kl. 9.30 og 10.30 fyrir 4-5 ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.

Bókasafn Hafnarfjarðar: Heimanámsaðstoðin Heilahrístingur kl. 15-17 en safnið er opið frá kl. 10-19 fyrir öll verkefni sem eru kynnt hér framfar.

FÖSTUDAGUR**19. FEBRÚAR**

Bókasafn Hafnarfjarðar: Opið kl. 11-17 fyrir öll verkefni sem kynnt eru hér framfar.

Grunnskólarnir: Dagskrá í hverjum grunnskóla bæjarins fyrir nemendur í öllum árgöngum. Áherslan verður á bókakynningar, upplestur úr bókum og kvikmyndir sem gerðar hafa verið eftir bókum og henta börnum á öllum aldri. Dagskrána verður að finna á heimasíðum skólanna.

LAUGARDAGUR**20. FEBRÚAR**

Fjörður: Bókabýttmarkaður barna kl. 13-15. Opinn markaður þar sem börn á grunnskólaaldri geta komið með „gömlu“ bækurnar sínar og selt á 200 kr. eða bytt á bókum (á jöfnu) svo komið sé heim með „nýjar“ í staðinn. Mæting á söluborð er kl. 12.45 en þeim verður dreift um alla 1. hæð Fjarðar.

Bæjarbíó:
kl. 13.00 **Lína langsokkur.**
kl. 15.00 **Benjamín dúfa.**
kl. 20.00 **Englar alheimsins.**

Einar Már Guðmundsson höfundur skáldsögunnar að baki kvikmyndinni verður með inngang að sýningunni.

Bókasafn Hafnarfjarðar: Opið kl. 11-15 fyrir öll verkefni sem kynnt eru hér framfar.

Byggðasafn Hafnarfjarðar: Opið kl. 11-17 á sérstaka sýningu um sögu kvikmyndahúsanna í Hafnarfirði.

SUNNUDAGUR**21. FEBRÚAR**

Hafnarborg: Smíðja kl. 14 um endurnýtingu bóka. Unnið verður með texta, samklipp og origami. Í byrjun smíðjunnar verður boðin leiðsögn um sýningu Ragnhildar Jóhannsdóttur í Sverrissal Hafnarborgar. Efniviður Ragnhildar eru notaðar bækur sem í meðförum hennar umbreytast og öðlast þar með aðra tilvist. Starfsfólk Hafnarborgar leiðir smíðjuna.

Bæjarbíó:
kl. 13.00 **Múminálffarnir,**
kl. 15.00 **Hrafnar, Sóleyjar og Myrra.**
Höfundar bókarinnar að baki kvikmyndinni Eyrún Jónsdóttir og Helgi Sverrisson munu vera með inngang að sýningunni.
kl. 20.00 **Djöflaeyjan.**
Einar Kárasen höfundur skáldsögunnar að baki kvikmyndinni verður með inngang að sýningunni.

Byggðasafn Hafnarfjarðar: Opið kl. 11-17 á sérstaka sýningu um sögu kvikmyndahúsanna í Hafnarfirði.

Nánari dagskrá er að finna á vef Hafnarfjarðar www.hafnarfjordur.is





Sýningar

Ljóð

Listasmiðja

Útlánaleikur

Bingó

Leiðsögn

Ritsmiðja

Upplstur

Bækur

Kvikmyndir

13.-19. mars 2017

Bóka- og bíóhátíð barnanna

Ókeypis aðgangur
Nánar á hafnarfjordur.is



Bókasafn Hafnarfjarðar - Strandgata 1

13.03-19.03 Útstilling á bókum og bíómyndum gerðum eftir þeim. Leikur að orðum – allir **semja ljóð** saman. Allir sem taka barnabækur að láni geta tekið þátt í **útlánaleik**. Foreldrar barna á leik- og grunnskólaaldri fá **afslátt** af stofnun bókasafnsskirteina.

14.03 Ritsmiðja frá kl. 16-18. Börn á aldrinum 9-12 ára fá aðstoð rithöfundar við að virkja ímyndunaraflíð og skrifa sögur. Þátttaka ókeypis en skráning nauðsynleg.

15.03-17.03 Morgunlestur Sollu sögukonu fyrir leikskólabörn á bókasafni.

16.03 Bingó kl. 17. Veglegir bókavinningar í boði.



Byggðasafn Hafnarfjarðar - Vesturgata 6

13.03-19.03 Leiðsögn til skólahópa eftir pöntunum um sýninguna **Blóbærinn - Gullöld kvikmyndahúsanna** í Hafnarfirði.

18.03-19.03 Blóbærinn - Gullöld kvikmyndahúsanna í Hafnarfirði í forsal Pakkhúss að Vesturgötu 6 opin frá kl. 11-17. Samstarfverkefni Byggðasafns og Kvikmyndasafns Íslands.



Hafnarborg - Strandgata 34

13.03-19.03 Leiðsögn til skólahópa eftir pöntunum. 30 mínútna leiðsögn sem sniðin er að öllum aldurshópum. Tver sýningar í boði: Kvenhetjan eftir Steingrím Eyfjörð og Rósa eftir Sigu Björg Sigurðardóttur.

19.03 Listasmiðjan Furðuverur spjalla saman kl. 14. Fjölskyldan semur saman ljóð og texta.



Bæjarbló - Strandgata 6

13.03 Opnunarhátíð frá kl. 9:30-10:30. Lestrarsendiherrar - Fanndís og Friðrik Dór - mæta á svæðið, syngja og lesa fyrir börnin. Fleiri skammarstrik Emils verður sýnd. Boðsgestir er 4. bekkur.

14.03 Brúuleikhús - Pétur og Úlfurinn - kl. 9:30 og 10:30 fyrir nemendur úr 2. bekk.

Árviss menningarhátíð þar sem áhersla er lögð á bækur og kvikmyndir.
Yfirlýst markmið hátíðar er að efla áhuga fjölskyldunnar allrar á lestri og læsi.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPID FRÁ KL. 8.00 - 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is





Sýningar
 Ljóð
 Upplstur
 Söguganga
 Bingó
 Leiðsögn
 Bækur
 Útlánaleikur
 Guðrún Helgadóttir
 Textasmiðja
 Kvikmyndir

16.-23. mars 2018

Bóka- og bíóhátíð barnanna

Ókeypis aðgangur
Nánar á hafnarfjorður.is

Föstudagur 16. mars

Kl. 9:30 og 10:30 Opnunarhátíð í Bæjarbló
Ávarp, upplestur, bíóbrot og tónlistaratriði fyrir elstu leikskólabörn bæjarins með áherslu á höfundarverk Guðrúnar Helgadóttur.

Laugardagur 17. mars

Kl. 12:30 og 16:00 Tónleikar í Víðistaðakirkju
Opnir tónleikar yngri og eldri kóra á Barnakóramóti Hafnarfjarðar í Víðistaðakirkju.
Kl. 13:00 Vítaspyrnukeppni við bókasafnið
Leikararar úr Víti í Vestmannaeyjum verja.
Kl. 14:00 Blósýning í Bæjarbló
Sýnd verður kvikmyndin Jón Oddur og Jón Bjarni eftir samnefndri sögu Guðrúnar Helgadóttur. Á undan myndinni verður myndbrot úr kvikmyndinni Víti í Vestmannaeyjum frumsýnt.

Sunnudagur 18. mars

Kl. 11:00 Söguganga frá Gúttó
Leifur Helgason leiðir göngu um söguvið bóka Guðrúnar Helgadóttur á vegum Byggðasafnsins.
Kl. 14-17 Fjölskyldusmiðja í Hafnarborg
Lóa Hjálmtýsdóttir leiðir teikni- og textasmiðju.

Mánudagur 19. mars

Kl. 17 Bókabingó í Bókasafninu
Bókavinningar í boði fyrir heppna bingóspilara.

Þriðjudagur 20. mars

Kl. 10:30 Bókabingó á foreldramorgni
Foreldrar með ung börn og bumbur hjartanlega velkomin.
Björt í sumarhúsi
Söngleikur fyrir 2. bekinga í Bæjarbló.

Fimmtudagur 22. mars

Kl. 17-18 Spunasögustund á bókasafninu
Sögd verður spunasaga í samvinnu við áheyrendur sem hjálpa til við persónusköpun.

Alla vikuna

- Fjölbreytt dagskrá í leik- og grunnskólum.
- Útlánaleikur á bókasafninu: Allir sem taka barnabækur að láni geta tekið þátt í útlánaleik. Verðlaun fyrir heppna lestrarhesta.
- Útstillingar á bókum og blómyndum gerðum eftir þeim í bókasafninu.
- Ljóð úr bókakjölum: Gestir á barna- og unglingadeild bókasafnsins geta spreytt sig á að búa til ljóð úr bókatalum.

Árviðs menningaráhátíð þar sem áhersla er lögð á bækur og kvikmyndir.
Yfiríðst markmið hátíðarinnar er að efla áhuga fjölskyldunnar allrar á lestri og læsi.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
ÓPÍÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjorður.is

